

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2025

1. gr.

Vatnsgjald

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,28% af fasteignamatí fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 66.598.

2. gr.

Notkunargjald

Sérstakt notkunargjald stórnotenda og sumarhúshverfa skv. 13. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 35 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 14. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Sverleiki í mm	kr.
< 50	20.000
50-100	40.000
> 100	100.000

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi. Staðsetning mæla í atvinnuhúsnæði skal vera í samráði við veitu. Afhending tengingu fyrir sumarhúshverfi er við næsta núverandi stofn veitunnar.

4. gr.

Heimæðargjald

Heimæðargjald skal taka mið af stærð heimæðar og að hún sé ekki lengri en 50m. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt eða opinn skurður sé á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

Þvermál inntaks	32 mm og minna	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Fastagjald kr.	200.000	280.000	410.000	590.000	780.000	1.050.000

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar. Ef sótt er um fleiri en eina tengigrind bætist við 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 5.000 kr./m vegna skurðgrafter og ídráttarrörs. Heimæðargjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

5. gr.

Ábyrgð og lögveð

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2024.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2024.

Búðardal, 02.01.2025

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri